

64. fundur skráningarráðs, haldinn miðvikudaginn 9. nóvember 2011 í húsakynnum Landskerfis bókasafna, kl. 9 -11.

Fundarmenn: Gunnhildur Loftsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (fundarritari), Sigrún J. Marelsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Einnig sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir próunarstjóri Landskerfis og Dögg Hringsdóttir (fyrri hluta fundarins).

1. **Fundargerð síðasta fundar.** Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Athugasemdir varðandi lið nr. 8 um röð deilisviða. Hildur segir skjal um myndbönd og mynddiska í lagi. Skjalið um hljóðbækur sé enn í skoðun.
2. **Færslur Geislavarna ríkisins.** Dögg Hringsdóttir fer yfir stöðu mála. GR hafa dregið sig út úr Gegni og hafa fengið færslur sínar afhentar á textaformi til að setja inn í Metrabók. Búið er að afhenda gögnin en eftir stendur að eyða eintakafærslum frá þeim í Gegni og taka afstöðu til þess hvort bókfræðifærslur án eintaka skuli vera áfram í Gegni. Þær gætu að mati Daggar verið 700 – 800 talsins.

Ákveðið að skráningarráð skoði þessar færslur nánar. Dögg skoðar möguleika á að eyða þeim vélrænt í prófunarumhverfinu. Endanleg ákvörðun bíður næsta fundar.

3. **Íslendingasögur – samræmdur titill.** Sigrún Marelsdóttir gerir grein fyrir mismunandi skráningaraðferðum á samræmdum titli á Íslendingasögum. Notuð eru svið 130, 240, 730 fyrir samræmdan titil, og 650 4 þegar Íslendingasögur eru efnisorð. Rætt um heppilegustu skráningaraðferðina til frambúðar.

Ákveðið að hætta að nota Íslendinga sögur og/eða Íslendingasögur sem samræmdan titil. Þess í stað skal nota efnisorðið Íslendingasögur í 650 4. Sama á að gilda um aðrar fornsögur t.d. Konungasögur, Fornaldarsögur Norðurlanda og Íslendingaþætti. Íslenskar fornþekktar sögur í 650 4 er þá samheiti yfir þessi rit. Efnisorðið Íslensk fornþekktar sögur í 650 4 nær yfir umfjöllun og skýringar á ritunum. Þessari ákvörðun verður fylgt eftir með dæmum í Handbók skrásetjara.

4. **846.42 Allmusic** - Hildur fjallar um erindi Magnhildar Magnúsdóttur og samskipti við fleiri aðila vegna tenginga í vefinn Allmusic.com sem ítarefni fyrir tónlist. Gagnrýni hefur komið fram á auglýsingar um vafasamt efni á þessum vef. Það er staðreynd að slíkir vefir fjármagna sig með auglýsingum. Skoða þarf málið í stærra samhengi, hvenær á að tengja við slíka vefi, eru til óumdeildar „biblíur“ í faginu, hverjir þeirra eru stöðugir og ábyrgir. Einnig þarf að líta til kvikmynda o.fl. Það er spurning hvort það sé hlutverk safna Gegnis að tengja í slíkar upplýsingar, í sjálfum Gegni. Hildi falið að senda erindið til tónlistarhóps til skoðunar.

Skráningarráð skoði þetta mál einnig og í stærra samhengi, þar sem dauðir tenglar eru verulegt vandamál í Gegni.

5. **RDA.** Þóra bendir á að við hér á Íslandi þurfum að vera meðvituð um þróun mála í sambandi við innleiðingu RDA og þýðingu á reglum. Vinna þarfagreiningu á því hversu umfangsmikið verkið er og hvað ber að þýða, og hversu mikið.

Hugsanlegt að byrja á þýðingu á 44 síðna „glossary“. Í framhaldinu þarf að kalla saman starfshóp og finna ritstjóra verksins.

Fyrsta skrefið að taka saman minnisblað til kynningar á málinu fyrir landsbókavörð og menntamálaráðuneytið. Til skoðunar áfram hjá skráningarráði.

6. **Fræðslufundur skrásetjara.** Fundurinn tókst vel. Um 60 manns mættu og voru erindi og glærur teknar upp. Efnið verður sett inn á vef Landskerfis.
7. **Önnur mál.** Rætt um póst á Vöndu um skráningu á Hagtíðindum. Í því tilviki er heppilegast að ábyrgð á skráningu efnis liggi hjá útgáfustofnun.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11. Næsti fundur verður haldinn 14. desember 2011.